

1208. stjórnarfundur VR

Haldinn sunnudaginn 27. september 2020, kl. 17:00 í fjarfundi (Zoom)

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jóhann Már Sigurbjörnsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Sigmundur Halldórsson, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Friðrik Boði Ólafsson og Selma Árnadóttir

Dagskrá:

1. Kjaramál – forsenduákvæði kjarasamnings VR við SA og FA

Ragnar Þór sagði að lesa mætti um það í fjölmiðlum að þríhliða viðræður væru í gangi um stöðu kjarasamningsins en hann hafi þó ekki heyrt af því á fundum samninganefndar. Við höfum a.m.k. ekki gefið neitt umboð til þess að breyta samningunum og hefur hann ekki heyrt í Drífu í dag vegna þessa máls.

Atkvæðagreiðsla er fyrirhuguð hjá SA á morgun og óvíst hver verði niðurstaða þess.

Gengið hefur verið felld um 15% - 20% til að verja útflutningsgreinarnar svo það kemur ekki til greina að hætta við launahækkarnar að hans mati. Við verjum samninginn og leggjum allt í sölurnar til þess og verðum klár í harðar aðgerðir.

Gaf nú Ragnar Þór orðið laust um málið.

Umræður.

Bjarni Þór mætir til fundar kl. 17:47

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór að ljóst væri að við værum öll sammála um að gefa ekkert eftir og að við viljum verja launahækkarnar og samninginn. Biður hann fundarmenn um að vera þess viðbúna að vera kölluð saman með skömmum fyrirvara.



2. Önnur mál

Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið.

Fundi slitið kl.18:05

Árni Leósson, fundarritari

